

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðli að félagslegri aðlögun, möguleikum í námi og starfi sem og almennt bættum lífsgæðum.

Starfsemi ADHD samtakanna felst í að veita fræðslu- og upplýsingaþjónustu, bjóða upp á spjallfundi, námskeið og stuðningsfundi. Að auki gefa samtökin úr bæklinga, fréttabréf og annað efni, halda úti virkri heimasíðu og fésbókarsíðu ásamt því að gæta hagsmuna einstaklinga með ADHD og aðstandenda þeirra.

ÁRSSKÝRSLA SAMTAKANNA FYRIR ÁRIÐ 2018

Starfsemi ADHD samtakanna óx og dafnaði árið 2018. Sífelld bættast við nýjir félagsmenn en á árinu voru tæplega 2.400 félagsmenn skráðir í samtökin.

ADHD samtökin voru stofnuð 7. apríl 1988 og hétu upprunalega Foreldrafélag misþroska barna. Í upphafi voru 90 félagar í samtökunum en með árunum hefur félagatalið margfaldast. Ein skráning gildir fyrir hverja fjölskyldu. Á bak við þá tölu reynast yfirleitt fleiri en einn fjölskyldumeðlimur þar sem ekki er óalgengt að foreldri og jafnvel fleiri en eitt barn reynist vera með röskunina.

Starfsemi ADHD samtakanna flokkast undir 1. þjónustustig skv. skilgreiningum í skýrslu félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Á þeim grunni var gerður þjónustusamningur við Velferðarráðuneytið um starfsemi samtakanna. Til að tryggja rekstur ADHD samtakanna er mikilvægt að framhald verði þar á.

Skrifstofa ADHD samtakanna er opin alla virka daga ársins frá kl. 13-16. Samtökin veita foreldrum, fullorðnum og fagfólki ráðgjöf í síma, með tölvupósti og sinna þeim sem á skrifstofuna leita. Gott samstarf er milli félagasamtakanna í húsinu að Háaleitisbraut 13 og eflist stöðugt.

ADHD samtökin eru með útibú á Akureyri – ADHD Norðurland – þar sem veitt er þjónusta fyrir nærsamfélagið og meðal annars haldnir reglulegir spjall- og fræðslufundir.

Ársskýrsla ADHD samtakanna miðast við almanaksárið í samræmi við ársreikninginn og er ætlað að gefa gott yfirlit yfir starfsemi félagsins og helstu verkefni.

FRÆÐSLUEFNI – ÚTGÁFA:

ADHD samtökin hafa verið öflug í útgáfu bóka og fræðslubæklinga. Bæklingar eru reglulega endurprentaðir og standa félagsmönnum og fagaðilum til boða. Þeir bæklingar sem samtökin hafa gefið út eru:

- Hvað er ADHD? (almennur fræðslubæklingur um ADHD) (2011)
- Börn og ADHD (2011)
- Fullorðnir og ADHD (2011)
- Ha, ertu að tala við mig? (sjálfhjálparbæklingur fyrir eldri börn og unglunga og ADHD) (2012)
- ADHD utan skólastofunnar (ætlaður starfsfólki grunnskóla) (2013)
- Unglingar og ADHD (2014)
- What is ADHD? („Hvað er ADHD?“ á ensku) (2016)
- Co to Jest? („Hvað er ADHD?“ á pólsku) (2016)
- Afbrot og ADHD (2016)
- Náin sambönd og ADHD (2016)
- Systkini og ADHD (2018)

Útgáfa bóka

- Leynardómar heilans – láttu verkin tala (2014)
- ADHD og farsæl skólaganga (2013, í samvinnu við Námsgagnastofnun. Endurútféið 2015)
- Leikskólar og ADHD (2015)
- Ferðalag í flughálku – unglunga og ADHD (2017)

FJÁRAFLANIR

Vörusala á vef ADHD samtakanna hefur stóraukist. Sem fyrr er uppistaðan bækur, endurskinsmerki, jólakort, „útrásarteygur“, „Tingle Tangle“ slökunarflækjur og „fiktteningar“. ADHD samtökin reyna eftir fremsta megni að þjónusta félagsmenn með sölu á vörum sem gagnast geta einstaklingum með ADHD.

STYRKIR

Góði Hirðirinn afhenti ADHD samtökunum í desember styrk til útgáfu og þýðinga á eldri bæklingum samtakanna. Gefnir verða út á ensku og pólsku bæklingarnir „Börn og ADHD“ og „Fullorðnir með ADHD“.



STARFSEMI ADHD SAMTAKANNA Á ÁRINU

ADHD samtökin buðu nú sem endranær upp á ýmis námskeið, fræðslu- og spjallfundi.

GPS-NÁMSKEIÐ (Gagnleg Persónuleg Stjórnæki)

Samtökin hafa um nokkra ára skeið boðið upp á GPS námskeið sjálfstyrkingarnámskeið sem ætluð eru unglíngum með ADHD. Aldur þátttakanda miðast við efri bekkinn grunnskóla þ.e. nemendur á aldrinum 13-16 ára. Námskeiðin eru kynjaskipt og miðast hvert námskeið við 8-10 þátttakendur. Námskeiðin eru haldin að vori og hausti.

TAKTU STJÓRNINA

Fræðslunámskeið og ráðgjöf fyrir fullorðna undir heitinu „Taktu stjórnina“ voru haldin í febrúar og í maímánuði. Námskeiðið er 10 klukkustundir sem skiptast niður á fimm virka daga, tvær klukkustundir í senn. Námskeiðið hefur fengið mikil og góð viðbrögð og má nefna að Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hefur námskeiðið sem fastan lið í sínu námi. Sérfræðingar á vegum ADHD samtakanna halda utan um kennslu og framkvæmd námskeiðsins.

FORELDRANÁMSKEIÐ

Boðið er reglulega upp á fræðslunámskeið fyrir foreldra barna með ADHD, annars vegar fyrir foreldra 6-12 ára barna og hins vegar foreldra 13-18 ára barna. Námskeiðið spannar tvo laugardaga og fyrirlesarar eru sérfræðingar á ýmsum sviðum er snerta ADHD.

SPJALLFUNDIR

Fjölmargir spjallfundir voru haldnir á árinu, að jafnaði tvisvar í mánuði. Annars vegar ætlaðir foreldrum og forráðamönnum barna með ADHD og hins vegar fullorðnum einstaklingum með ADHD. Boðið er upp á tiltekið umfjöllunarefni hverju sinni, meðal annars: ADHD og lyf – ADHD og systkini – ADHD og unglíngar – Hegðunarvandi og neysla – Svefnvandi barna – Fjármál – Styrkleikar og áskoranir. Umsjónarmenn spjallfundanna eru ávallt fagmenn, flestir úr stjórn samtakanna.

FRÆÐSLUFUNDIR

Í auknum mæli er leitað til ADHD samtakanna varðandi sérsniðna fræðslu um málefni ADHD. Hér er um að ræða fyrirtæki, stofnanir og skóla sem iðulega óska eftir sérsniðinni fræðslu.

Nokkuð er um að nemar á ýmsum skólastigum leiti til samtakanna eftir fræðslu. Samtökin verða ávallt við þeim beiðnum og liðsinna þeim sem til þeirra leita.

VITUNDARMÁNUÐUR

Alþjóðlegur ADHD vitundarmánuður fer fram í október ár hvert. Í tilefni 30 ára afmælis samtakanna var haldin vegleg dagskrá sem samanstóð af ýmsum uppákomum.

ENDURSKINSMERKI

Mánuðurinn hófst að venju með fjáröflun þar sem seld voru endurskinsmerki með teikningum eftir Hugleik Dagsson. Í tilefni afmælisárs voru gefin út tvenns konar endurskinsmerki með setningum sem endurspeglar á léttum nótum nokkuð sem fólk með ADHD stendur gjarnan frammi fyrir: „Hvað ætlaði ég aftur að segja“ og „Hvað var ég aftur að fara að gera“. Með hverju endurskinsmerki fylgir sem fyrr örbæklingur með helstu upplýsingar um ADHD. Endurskinsmerkin voru seld á vef samtakana ásamt því að sölumenn víða um land lögðu samtökunum lið.

Vilborg Oddsdóttir tók við fyrsta endurskinsmerkinu fyrir hönd Systkinasmiðjunnar sem var stofnuð árið 1997.



AFMÆLISHÁTÍÐ

Í tilefni 30 ára afmælis samtakanna var haldin vegleg afmælishátíð í Iðnó þann 2. september. Hátíðin var litrík og fjörug rétt eins og lífið er svo gjarnan meðal einstaklinga með ADHD. Fullt var út úr dyrum og gestir gæddu sér á hefðbundinni afmælisköku með kaffinu. Saga Garðarsdóttir leikkona stýrði afmælisveislunni með glans, leiddi gesti í afmælissöng, leikhópurinn Lotta skemmti gestum og Sirkus Island sló í gegn með stórfenglegum áhættuatriðum. Tónlistarmenn úr ýmsum áttum stigu á stökk og börnin tóku virkan þátt í skemmtuninni. Boðið var upp á skemmtileg verkefni utandyra þar sem þau fengu meðal annars að spreyta sig á sirkusatriðum, gefa öndunum brauð ásamt því að boðið var upp á blöðrudýr.



AFMÆLISFRÉTTABLAÐ

Samtökin gáfu út afmælisfréttablað 8. október sem borið var inn á hvert heimili landsins. Forsíðumyndin er af feðgunum Gísla Rúnari Jónssyni og Björgvini Franz Gílassyni sem á innsíðum ræddu um kosti þess og galla að vera með ADHD og hvernig þeim hefur tekist að finna orkuni jákvæðan farveg í leiklist, sköpunargleði og hómor. Einnig má finna í blaðinu grein um tilurð ofvirknihópsins á Dalbraut (eins og Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans var þá kölluð), umfjöllun um styrkleika ADHD og farið yfir jákvæðar og sköndnar birtingarmyndir röskunarinnar ásamt grein um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar.




AFMÆLISRÁÐSTEFNA

Í tilefni 30 ára afmælis ADHD samtakanna var efnt til ráðstefnu dagana 18. og 19. október. Yfirskriftin var „Allt sem þú ekki vissir um ADHD og konur, systkini ...“ og markmiðið að varpa ljósi á ofangreinda hópa sem því miður hafa ekki fengið næga athygli né umfjöllun í gegnum tíðina.

Fjölmargir innlendir og erlendir fyrirlesarar fjölluðu um ADHD bæði út frá sjónarhóli kvenna sem og systkina barna með ADHD. Einnig voru kynntar nýjar íslenskar rannsóknir er tengjast ADHD. Ráðstefnan var vel sótt og tæplega 200 manns tóku þátt í viðburðinum.





FJÖLMIÐLAUMFJÖLLUN

Samtökin beita sér fyrir að skrifað sé í fjölmiða um efni er snerta málaflokkinn. Í janúar birtist í fjölmiðlum umfjöllum um nýtt ADHD lyf sem ekki virðist hafa mælanlegar aukaverkanir og fellur ekki undir þann flokk lyfja sem valdið geta fíkn. Verkefnið byggir á uppgötvun Hákonar Hákonarsonar læknis og forstöðumanns erfðarannsóknarstöðvar háskólasjúkrahúss í Filadelfíu í Bandaríkjunum og snýr að mögulegum stökkbreytingum í genum barna með ADHD. Einna athyglisverðast er að virkni lyfsins snýr að mögulegum rótum taugaröskunarinnar að baki ADHD, ólíkt vikni hefðbundinna ADHD lyfja sem fyrst og fremst styðja við þau heilaboðskipti sem röskunin veldur truflun á. Þróun lyfsins er enn á rannsóknarstigi en þar sem Hákon byggir sína vinnu á eldra lyfi sem þegar hefur farið í gegnum dýra og manna prófanir (en aldrei markaðssett) eru líkur til að einungis 2-3 ár taki að koma því á markað. Fóru forsvarsmenn ADHD samtakanna í viðtöl í fjölmiðlum í kjölfar þessa.

Í tilefni 30 ára afmælisársins stóðu ADHD samtökin jafnframt fyrir viðamikilli dagskrá seinni hluta árs og náðu verulegri athygli fjölmiðla. Helstu fréttamiðlar fjölluðu um málefnið sem og einstakar upptökur.

LANDSBYGGÐIN

Líkt og áður hafa ADHD samtökin unnið að því að efla starfsemi á landsbyggðinni og reka í því skyni útibú á Akureyri þar sem meðal annars eru haldnir spjallfundir og boðið upp á margvíslega fræðslu.

Í samvinnu við ráðgjafamiðstöðina Sjónarhól og Einhverfusamtökin héldu ADHD samtökin kynningarfund á Akureyri í aprílmánuði. Fundurinn er sá fyrsti í röð funda sem þessir aðilar munu bjóða upp á hringinn í kringum landið en verkefnið er styrkt af Lýðheilsusjóði.

NORRÆNN FUNDUR

ADHD samtökin taka þátt í norrænu samstarfi systursamtaka og í ágúst var komið að samtökunum að taka á móti fulltrúum frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Fundurinn stóð yfir í tvo daga og var afar árangursríkur. Lögð voru meðal annars drög að samstarfi við Færeyjar og Grænland. Samnorrænir fundir skipta samtökin gríðarlegu máli en markmið þeirra er að vinna að sameiginlegum verkefnum, skiptast á fræðsluefni og öðru útgefnu efni.



STARFSHÓPAR

Fulltrúar ADHD samtakanna hafa unnið ótullega með Öryrkjabandalagi Íslands í baráttu fyrir bættum hag einstaklinga með fatlanir og raskanir. Formaður samtakanna situr í stjórn ÖBÍ ásamt því að sitja í málefnaþópi um málefni barna. Varaformaður situr í málefnaþópi um heilbrigðismál. Einnig situr framkvæmdastjóri samtakanna í málefnaþópi um atvinnu- og menntamál.

BREYTINGAR Á REKSTRI FÉLAGSINS

Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóranum var umsvifalaust vikið frá störfum og er málið til meðferðar hjá til þess bærum yfirvöldum. Ellen Calmon fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna steig tímabundið inn sem starfandi framkvæmdastjóri, þar til nýr hefði verið ráðinn. Undir árslok réðu samtökin Hrannar B. Arnarsson í starf framkvæmdastjóra. Hrannar hefur víðtæka reynslu úr atvinnulífinu og stjórnkerfinu sem á eftir að nýtast samtökunum vel á komandi árum.

Ráðist var í fulla endurskoðun á innra starfi samtakanna í þeim tilgangi að viðlíka atburður gæti ekki endurtekið sig. Samtökin réðu til sín fyrirtækið APaL endurskoðun, bókhald og ráðgjöf sem veitti samtökunum sérhæfða aðstoð við innri endurskoðun og mun fyrirtækið framvegis sjá um bókhald og reikningsskil samtakanna.

HELSTU ÁHERSLUR

Stór hluti af starfsemi samtakanna varðar hagsmunagæslu. Undanfarið ár hefur þetta einkum snúið að lyfjaumræðu, þjónustu geðlækna- og sálfræðinga og atriða sem tengjast klínískum leiðbeiningum Embættis landlæknis.

Á haustmánuðum 2017 boðaði Lyfjastofnun breytingar varðandi ávísanir og afhendingu ávanabindandi lyfja. Breytingarnar komu loks til framkvæmdar 1. júlí 2018 í nokkuð breyttri mynd, enda var uppi hávær krafa allra helstu hagsmunaaðila að vandað þyrfti til verksins. ADHD samtökin telja brýnt að

tryggja eins og kostur er að slíkar breytingar bitni ekki á þeim sem sannanlega þurfa á lyfjameðferð að halda. Samtökin fagna að sjálfsögðu öllum úrræðum sem sporna við misnotkun lyfja en um leið er ljóst að þetta geti hæglega leitt til að tiltekinn hópur falli „utan kerfis“. Meðal annars valda þessar breytingar því að einstaklingur með ADHD sem ekki hefur aðgang að Sjúkratryggingum Íslands (s.s. aðili sem flutti lögheimili sitt fyrir minna en 6 mánuðum, erlendur aðili í tímabundnu starfi eða fangi með erlent ríkisfang) fær ekki afhent lyf samkvæmt læknisráði þar sem greining viðkomandi hafi ekki verið staðfest af íslenskum geðlækni eða þverfaglegu teymi og því sé ekki unnt að sækja um lyfjaskírteini til Sjúkratrygginga Íslands. Hér breytir engu þó viðkomandi sé reiðubúinn til að greiða fyrir án kostnaðarþátttöku hins opinbera. ADHD samtökin hafa ítrekað bent á að við þessu þurfi að bregðast.

Óviðunnandi bið er eftir greiningum, bæði hvað varðar börn og fullorðna með ADHD. Skortur á geðlæknum er mikill og ekki síst erfitt fyrir fullorðna að leita sér greiningar og meðferðar. Samkvæmt nýjum leiðbeiningum Embætti landlæknis mega eingöngu þeir sem eru undir eftirliti geðlæknis hefja lyfjameðferð. ADHD teymi LSH sinnir einnig greiningu á fullorðnum með ADHD en allt upp undir tveggja ára bið er eftir því úrræði. Samtökin hafa um langt skeið vakið athygli á slæmu aðgengi sjúklinga að geðheilbrigðisþjónustu og telja mjög mikilvægt að biðlistum verði útrýmt. Til að mæta þessari þörf er nauðsynlegt að efla þjónustu ADHD teymis LSH.

Biðlisti á Þroska- og hegðunarstöð lengist sífelld og nú bíða um það bil 250 börn eftir þjónustu. Meðalbiðtími eftir greiningu er eitt ár. Ljóst er að auka þarf fjármagn til Þroska- og hegðunarstöðvar og þar með gera stöðinni kleift að eyða biðlistum. Um leið þarf að búa svo um hnútanna að nægir fjármundir og mannaflí sé til staðar svo hægt sé að veita þjónustu, þeim sem til stöðvarinnar leita, innan þriggja mánaða eftir að beiðni berst. ADHD samtökin hafa miklar áhyggjur af þessari stöðu því ljóst er að hver mánuður í lífi barns er mikilvægur og vandinn eykst ef ekkert er að gert.

ADHD samtökin hafa um langt skeið barist fyrir því að sálfræðiþjónusta verði veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta. Mikilvægt er að hún verði felld undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands eins fljótt og auðið er. Sýnt hefur verið fram á að sálfræðiþjónusta getur skipt sköpum hjá mörgum einstaklingum með ADHD og um leið dregið úr þörf fyrir dýrari úrræði. Snemmbært aðgengi að greiningu og sálfræðimeðferð mun án efa draga verulega úr öllum kostnaði, hvort heldur átt er við fjárhagslegan kostnað samfélagsins eða þann mannlega kostnað sem ógreindur einstaklingur þarf að bera.

Hvað allt ofangreint varðar verður að horfa sérstaklega til aðgengis einstaklinga utan höfuðborgarsvæðisins að heilbrigðisþjónustu og lyfjum. Jafnvel ástandið í nærliggjandi sveitarfélögum er óásættanlegt, hvað þá víðar um land.

Kallað hefur verið eftir aukinni þjónustu á borð við fræðslu, námskeið og ráðgjöf á landsbyggðinni og vilja ADHD samtökin á þeim vettvangi bæta verulega í. Einungis með auknu fjármagni geta samtökin mætt þeirri þörf og þannig dregið eitthvað úr vanda þeirra sem glíma við ADHD.

Mikilvægt er að koma inn almennri fræðslu um ADHD í menntastofnanir landsins og ekki síst inn í grunnskólakennara. Með réttum kennsluaðferðum er hægt að bæta verulega líðan barna með ADHD í skóla og frístundum. Í þessu samhengi má reyndar benda á að „sértækar lausnir“ hvað þetta varðar reynast oft ekki sérstækari en svo að breytingin gagnast heildinni betur.

STARFSMANNAMÁL

Hrannar B. Arnarsson er í 100% starfi.

Elín H. Hinriksdóttir formaður er í 80% starfi.

Líkt og fyrri ár lögðu stjórnarmenn á sig talsverða vinnu fyrir samtökin í þeim verkefnum sem fyrir lágu. Linda Hrönn Sigfúsdóttir stóð vaktina hjá ADHD Norðurlandi og er framlag hennar mikils virði fyrir samtökin.

STJÓRN SAMTAKANNA

Af óviðráðanlegum ástæðum varð að fresta aðalfundi fram á haust. Þetta er undantekning sem á sér eðlilegar skýringar, en ekki merki um breytt fyrirkomulag.

Á aðalfundi 27. nóvember 2018 var kosið um stöðu fimm meðstjórnanda og tveggja varamanna og skipast stjórn eins og að neðan greinir.

Stjórn ADHD samtakanna árið 2018 – 2019 er þannig skipuð:

Elín H. Hinriksdóttir, formaður (til 2019)
Vilhjálmur Hjálmarsson, varaformaður (til 2019)
Hákon Helgi Leifsson, meðstjórnandi (til 2019)
Elín Hrefna Garðarsdóttir, gjaldkeri (til 2020)
Sólveig Ásgrímsdóttir, ritari (til 2020)
Drífa B. Guðmundsdóttir, meðstjórnandi (til 2020)
Jóna Kristín Gunnarsdóttir, meðstjórnandi (til 2020)

Varamenn:

Svanhvít Bragadóttir (til 2019)
Sigrún Jónsdóttir (til 2020)

Samþykkt á stjórnarfundum 26. mars 2019.

F.h. stjórnar

Elín H. Hinriksdóttir formaður

ADHD samtökin

**Ársreikningur
2018**

ADHD samtökin
Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík
590588-1059

Efnisyfirlit

Ársreikningur 2018

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3	Efnahagsreikningur	7
Skýrsla og áritun félagskjörina skoðunarmanna	4	Sjóðstreymi	9
Áritun endurskoðanda	5	Skýringar	10
Rekstrarreikningur	6		

Skýrsla og áritun stjórnar á ársreikninginn

Ársreikningur 2018

ADHD samtökin eru félagasamtök. Voru þau stofnuð á árinu 1988. ADHD samtökin eru landssamtök til stuðnings börnum og fullorðnum með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir.

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

ADHD samtökin fögnuðu 30 ára afmæli á árinu. Í tilefni þess voru ýmsir viðburðir á vegum samtakanna, til að mynda afmælishátíð og tveggja daga alþjóðleg ráðstefna svo eitthvað sé nefnt.

Undir árslok tók nýr framkvæmdastjóri, Hrannar B. Arnarsson, til starfa fyrir samtökin. Hrannar hefur viðtæka reynslu úr atvinnulífinu og stjórnsýslunni sem mun nýtast samtökunum vel á næstu árum.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum um ársreikninga

Að álitum stjórnar ADHD samtakanna koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2018, afkomu árið 2018 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á árinu starfaði að meðaltali 2 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur samtals 16,3 millj. kr. Að auki greiddi félagið 577 þús. kr. í bifreiðastyrk og 4,5 millj. kr. í launatengd gjöld. Á árinu greiddu samtökin 1,1 millj. kr. í verktakagreiðslur til stjórnarmanna vegna námskeiða og spjallfunda.

Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið að sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóra var umsvifalaust vikið frá störfum og er málið til meðferðar hjá til þess bærnum yfirvöldum. Meðal krafna er krafa á fyrrum framkvæmdastjóra sem talin er endurspegla þá fjárhæð sem hann dró að sér.

Tap varð af rekstri samtakanna á árinu 2018 að fjárhæð 2,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 19,4 milljónir samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjárreikningum

Stjórn ADHD samtakanna staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018.

Reykjavík, mars 2019

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Skýrsla og áritun félagskjörna skoðunarmanna

Ársreikningur 2018

Við höfum yfirfarið ársreikning ADHD samtakanna fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við höfum látið í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar.

Það er okkar álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakana á árinu 2018 og efnahag þess 31. desember 2018 í samræmi við lög og samþykktir þeirra og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, mars 2019

Áritun endurskoðenda

Ársreikningur 2018

Til stjórnar og félagsmanna ADHD samtakanna.

Inngangur

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings ADHD samtakanna fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikingnum

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Umfang

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra anmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi ekki minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ADHD samtakanna á árinu 2018, efnahag þann 31. desember 2018 og yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Við viljum benda á að ekki er fyrirbyggjandi hver innheimtanleiki krafna á fyrrum framkvæmdastjóra er. Ef ekki næst að innheimta kröfurnar þá mun eigið fé lækka um samsvarandi fjárhæð. Við höfum ekki kannað árið 2016 og fyrr.

Reykjavík, mars 2019

APaL ehf

Rekstrarreikningur 2018

Ársreikningur 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Tekjur	2, 10	54.679.306	51.627.049
Afmælisráðstefna og hátíð	11	3.179.700	0
		<u>57.859.006</u>	<u>51.627.049</u>
Rekstrargjöld			
Aðkeypt efni og vinna	12	14.550.002	21.540.513
Laun og launatengd gjöld	13	21.711.859	17.853.119
Kostnaður vegna afmælisráðstefnu og hátíðar	14	9.005.295	0
Húsnæðiskostnaður	15	1.946.632	1.518.525
Annar rekstrarkostnaður	16	11.426.688	7.134.107
Kostnaður vegna málaferla	17	1.340.738	0
		<u>59.981.214</u>	<u>48.046.264</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		<u>(2.122.208)</u>	<u>3.580.785</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	18	226.465	304.246
Fjármagnsgjöld	19	<u>(627.679)</u>	<u>(809.217)</u>
		<u>(401.214)</u>	<u>(504.971)</u>
(Tap) / hagnaður ársins		<u><u>(2.523.422)</u></u>	<u><u>3.075.814</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Efnahagsreikningur

Ársreikningur 2018

	Skýr.	2018	2017
Eignir			
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign	20	<u>6.504.733</u>	<u>6.504.733</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		2.000.000	0
Viðskiptakröfur	6	1.954.490	1.174.850
Kröfur á fyrrum framkvæmdastjóra	7	12.786.413	10.140.663
Handbært fé	8	<u>8.077.598</u>	<u>14.368.790</u>
		<u>24.818.501</u>	<u>25.684.303</u>
	Eignir samtals	<u><u>31.323.234</u></u>	<u><u>32.189.036</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

31. desember 2018

Ársreikningur 2018

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2018	2017
Eigið fé			
Stofnfé		4.621.194	4.621.194
Óráðstafað eigið fé		14.741.675	17.265.097
	21	<u>19.362.869</u>	<u>21.886.291</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	22	<u>6.953.598</u>	<u>7.191.556</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir langtímalána	23	226.632	199.888
Fyrirframinnheimtar tekjur		500.000	
Aðrar skammtímaskuldir		4.280.135	2.911.301
		<u>5.006.767</u>	<u>3.111.189</u>
		<u>11.960.365</u>	<u>10.302.745</u>
	Skuldir samtals		
		<u>31.323.234</u>	<u>32.189.036</u>

Skýringar á blaðsíðu 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Yfirlit um sjóðstreymi 2018

Ársreikningur 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma	(2.523.422)	3.395.814
Veltufé (til) frá rekstri	(2.523.422)	3.395.814
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun	(2.000.000)	0
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(779.640)	4.896.655
Skammtímaskuldir, hækkun		1.868.834	1.250.527
Handbært fé (til) frá rekstri	(3.434.228)	9.542.996
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána	(211.214)	(185.306)
Kröfur á fyrrum framkvæmdastjóra, breyting	(2.645.750)	(8.040.410)
	(2.856.964)	(8.225.716)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(6.291.192)	1.317.280
Handbært fé í upphafi ársins		14.368.790	13.051.510
Handbært fé í lok ársins		8.077.598	14.368.790

Skýringar á blaðsíðu 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Skýringar

Ársreikningur 2018

Almennar upplýsingar

ADHD samtökin eru skráð á Íslandi. Samtökin eru með höfuðstöðvar í Háleitisbraut 13, 108 Reykjavík. Ársreikningur félagsins er fyrrið árið 1. janúar til og með 31. desember 2018

Félagið var stofnsett á árinu 1988. Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Innlausn tekna

2. Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af styrkjum og framlögum, félagsgjöldum, seldum námskeiðum, bókum og vörum. Tekjur og vaxtatekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

Á fyrri árum hafa félagsgjöld verið tekjufærð við útsendingu krafna á félagsmenn. Ári síðar hafa þau félagsgjöld sem ekki innheimtust verið bakfærð. Á árinu 2017 og 2018 eru aðeins innheimt félagsgjöld ársins og þau sem innheimst hafa í upphafi næsta árs færð til tekna.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok reikningsskilatímabils. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

4. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand. Eignin er ekki afskrifuð á líftíma hennar.

Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði. Félagsgjöld sem innheimtast í upphafi næsta árs eru færð meðal krafna. Einnig er meðal krafna styrktarloforð sem ógreidd eru um áramót.

Kröfur á fyrrum framkvæmdarstjóra

7. Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið að sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóra var umsvifalaust vikið frá störfum og er málið til meðferðar hjá til þess bærum yfirvöldum. Krafan er talin endurspegla þá fjárhæð sem hann dró að sér.

Handbært fé

8. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en þriggja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2018

Skuldbindingar

9. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Rekstrarreikningur

Tekjur

	2018	2017
10. Tekjur samtakanna skiptast með eftirfarandi hætti:		
Styrkir	31.714.293	34.495.959
Framlög frá Ríkissjóð	10.000.000	8.000.000
Félagsgjöld	3.926.800	2.968.700
Félagsgjöld, bakfærðar eldri kröfur	0	(4.581.253)
Framlög frá Öryrkjabandalagi Íslands	5.100.000	6.800.760
Styrkur vegna kvikmyndaverkefni	300.000	0
Vörusala og seldar bækur	1.546.771	2.820.565
Endurskinsmerki	1.699.791	0
Framlög vegna Reykjavíkumaraþon	183.651	149.547
Námskeið	187.400	972.771
Aðrar tekjur	20.600	0
	<u>54.679.306</u>	<u>51.627.049</u>
11. Tekjur vegna afmælishátíðar		
Þátttökugjöld afmælisráðstefnu	1.217.700	0
Styrkur vegna afmælisráðstefnu	1.792.000	0
Styrkur vegna afmælisfréttabréfs	170.000	0
	<u>3.179.700</u>	<u>0</u>

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

12. Aðkeypt vinna og vörunotkun skiptist með eftirfarandi hætti:

Kostnaður við námskeið	732.248	1.313.654
Kostnaður við fjáröflun, vörusölu og sölu bóka skiptist með eftirfarandi hætti:		
Aðkeypt þjónusta við fjáröflun	11.022.918	12.720.780
Kostnaðarverð seldra vara	1.331.337	3.124.586
Bókaútgáfa	535.310	1.744.854
Eignfærðar birgðir	(2.000.000)	0
Útgáfa bæklinga	1.050.900	0
Burðargjöld	1.877.289	2.636.639
	<u>13.817.754</u>	<u>20.226.859</u>
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	<u>14.550.002</u>	<u>21.540.513</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2018

Laun og launatengd gjöld

	2018	2017
13. Laun og launatengd gjöld skiptast með eftirfarandi hætti:		
Laun	16.328.507	13.080.334
Áunnið orlof	295.000	960.000
Bifreiðastyrkur	577.576	625.000
Lífeyrissjóður	2.798.509	1.766.737
Tryggingargjald	1.326.690	1.040.203
Önnur launatengd gjöld	385.577	380.845
	<u>21.711.859</u>	<u>17.853.119</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	2	2
Laun framkvæmdastjóra	9.704.507	7.850.000
Ökutækjastyrkur framkvæmdastjóra	277.576	300.000
Laun starfandi formanns stjórnar	6.624.000	5.230.334
Ökutækjastyrkur formanns	300.000	325.000
Laun og ökutækjastyrkur starfsmanna	<u>16.906.083</u>	<u>13.705.334</u>

Rekstrarkostnaður

14. Kostnaður vegna afmælishátíðar og ráðstefnu		
Afmælisráðstefna	7.090.695	0
Afmælishátíð	297.400	0
Afmælisfréttabréf	1.617.200	0
	<u>9.005.295</u>	<u>0</u>
15. Húsnæðiskostnaður		
Rekstur sameignar	908.176	829.272
Fasteignagjöld	181.050	164.204
Viðhald húsnæðis	355.565	117.919
Salarleiga	147.150	137.600
Annar rekstrarkostnaður fasteignar	354.691	269.530
	<u>1.946.632</u>	<u>1.518.525</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2018

Rekstrarkostnaður, framhald

	2018	2017
16. Annar rekstrarkostnaður		
Fræðslu- og útbreiðsluverkefni	218.120	1.485.000
Vitundarmánuður	0	133.998
Málþing	205.500	153.351
Spjallfundir	101.019	87.561
Erlent samstarf	0	371.312
Ráðstefnugjöld	15.000	30.100
Norrænn fundur	805.857	0
Þroskahjálp hlutdeild í launum	353.884	148.083
Árgjöld	26.000	82.440
Markaðs og fræðslukostnaður	219.572	323.534
Styrkur, kvikmyndaverkefni	999.281	0
Fundakostnaður	223.280	265.194
Samskiptakostnaður	436.339	267.963
Skrifstofuvörur	362.606	364.482
Áhöld og tæki	399.873	181.144
Rekstur tölvukerfis	402.844	570.202
Rekstur heimasíðu	73.122	0
Bókhald Arnarsetur ársins 2017	766.320	515.840
Gerð ársreiknings og yfirferð bókhalds ársins 2017	992.000	0
Bókhald ársins 2018	1.265.000	0
Aðkeypt þjónusta	665.696	84.425
Ráðning framkvæmdarstjóra	605.157	0
Dagpeningar	82.344	304.166
Ferðakostnaður	380.010	524.766
Annar starfsmannatengdur kostnaður	611.132	128.000
Banka- og þjónustugjöld	1.206.204	1.265.194
Gjafir og styrkir	9.028	308.950
Annar kostnaður	1.500	87.181
Áður gjaldfærður kostnaður færður á fyrrum framkvæmdastjóra		(548.779)
	<u>11.426.688</u>	<u>7.134.107</u>
17. Kostnaður vegna málaferla		
Lögfræðiþjónusta	813.738	0
Ráðgjöf og almannatengsl	527.000	0
	<u>1.340.738</u>	<u>0</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2018

Fjármunatekjur

	2018	2017
18. Fjármunatekjur skiptast með eftirfarandi hætti:		
Vaxtatekjur	226.465	304.246

Fjármagnsgjöld

19. Fjármagnsgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:		
Vaxtagjöld	578.090	644.411
Fjármagnstekjuskattur	49.589	164.806
	<u>627.679</u>	<u>809.217</u>

Varanlegir rekstarfjármunir

20. Varanlegir rekstarfjármunir greinast þannig:		Fasteign
2017		
Heildarverð 01.01.		6.504.733
Bókfært verð 31.12.		<u>6.504.733</u>
2018		
Heildarverð 01.01.		6.504.733
Bókfært verð 31.12.		<u>6.504.733</u>

Eignarhluti í fasteigninni Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, fastanúmer F2500026 nemur 12,1%. Fasteignamat eignarinnar nemur 12,9 millj. kr. og brunabótamat 14,9 millj. kr.

Eigið fé

21. Yfirlit um eigið fé:			
2017	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01.	4.621.194	14.189.283	18.810.477
Hagnaður ársins		3.075.814	3.075.814
Eigið fé 31.12.	<u>4.621.194</u>	<u>17.265.097</u>	<u>21.886.291</u>
2018			
Eigið fé 01.01.	4.621.194	17.265.097	21.886.291
Tap ársins		(2.523.422)	(2.523.422)
Eigið fé 31.12.	<u>4.621.194</u>	<u>14.741.675</u>	<u>19.362.869</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2018

Langtímaskuldir

	2018	2017
22. Langtímaskuldir félagsins greinast þannig í árslok:		
Skuldabréfalán, óverðtryggt 7,3% vextir	7.180.230	7.391.444
Næsta árs afborgun	(226.632)	(199.888)
Langtímaskuldir samtals	<u>6.953.598</u>	<u>7.191.556</u>
23. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2018		199.888
Árið 2019	226.632	226.632
Árið 2020	243.176	243.176
Árið 2021	260.928	260.928
Árið 2022	279.976	279.976
Árið 2023	300.414	300.414
Árið 2024	322.344	322.344
Síðar	<u>5.546.759</u>	<u>5.558.085</u>
	<u>7.180.230</u>	<u>7.391.444</u>